



# Ferðafélagið Melrakkar.

Alþingi – nefndasvið

Kirkjustræti

101 Reykjavík

17.5.2023

## **Umsögn um: frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 77/2019**

Ferðafélagið Melrakkar er hluti af Akstursíþróttafélagi Suðurnesja sem er rúmlega 40 ára gamalt akstursíþróttafélag sem hefur haldið akstursíþróttakeppnir um allt land í 4 áratugi.

AIFS eru hluti af Akstursíþróttasambandi Íslands og Íþróttabandalagi Reykjanesbæjar, og þar með Íþróttasambandi Íslands ÍSí.

Félagar í AIFS og sérstaklega Melrökkum stunda ábyrga ferðamennsku um hálendi Íslands í litlum og stórum hópum og er dagskrá félagsins mjög þétt og félagatalið fjölmennt frá öllum landshlutum Íslands.

Samtals eru 3.215 ökutæki skráð í umferð með „Torfæruskráningu“.

Torfæruskráning tekur yfir ýmiss ökutæki, svo sem torfæru-mótorhjól, sexhjól, fjórhjól (ATV) og fjórhjóladrifsbíla (UTV-buggý).

Yfirgnæfandi meirihluti þessa 3.215 tækja eru torfæru-mótorhjól. Áætlað um 1.964 stk. Áætlaður fjöldi fjórhjóladrifsbíla (buggý) af þessum 3.215 ökutækjum er um 174. Hin 1.075 tækin eru eldri gerðir af fjór- og sexhjólum sem uppfylla ekki skilyrði fyrir T3 skráningu.

Upplýsingar fengnar af tölfraeðivef samgöngustofu;

<https://bifreidatolur.samgongustofa.is/index.html#tolfraedi>

Um áratugaskeið hafa ýmis ökutæki að ýmsum gerðum verið sett í flokkinn „Torfærutæki“. Mörg þessara ökutækja hafa verið notuð til ferðalaga um há og láglendi landsins þar sem eiginleikar þeirra henta betur til aksturs á vegum og slóðum þar sem ekki er bundið slitlag. Þessi ökutæki geta verið buggy bílar, fjórhjól og mótorhjól.

Torfæruskráð ökutæki eru undanþegin reglubundinni skoðun og ekki er skilyrði að slík ökutæki séu með ljósabúnað enda telur flokkurinn „Torfærutæki“ alls kyns tækjabúnað, einnig tæki sem munu aldrei fara í almenna umferð.

Þau tæki sem við tölum um hér, eru hins vegar öllum öryggisbúnaði búin eins og ljósum og öðrum mikilvægum öryggisbúnaði. Í dag er fjöldinn allur af ökutækjum sem eru nýtt á þennan hátt og vilja notendur þeirra fyrst og fremst nota þau á löglegan hátt.

Einfaldasta leiðin til þess er að gera eigendum þeirra kleift að gera á þeim breytingaskráningu og koma þeim í flokka sem heimila notkun í almennri umferð. Slík breytingarskráning þarf að geta litið fram hjá kröfum um COC gerðarvottun.

Með því að fella þessi ökutæki undir reglur um reglubundna ökutækjaskoðun, skyldutryggingu ökumanns og ábyrgðartryggingu, myndi það tryggja öryggi notenda og annarra vegfarenda enn frekar.

Ekki væri um að ræða breytingu á aksturseiginleikum ökutækjanna en eftir atvikum þyrfti að bæta við ljósbúnaði, speglum og eftir atvikum öryggisbeltum fyrir þessa breytingaskoðun.

Einnig óskum við eftir aðstoð við að gera lagatexta sem passar inn í Umferðarlagareglurnar.

Virðingarfyllt

Guðbergur Reynisson

Formaður Melrakka

S : 8250011